

AUGLÝSING

**um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi
bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar og til að auðvelda
ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélagsins.**

Á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir almannavarnastigi vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra tekið svofellda ákvörðun, með vísan til 1. mgr. 131. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til að tryggja starfhæfi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélagsins, er bæjarstjórn Grindavíkurbæjar heimilt að taka ákvarðanir sem fela í sér eftirfarandi frávik frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins:

1. Að fundir bæjarstjórnar verði haldnir á öðrum stað en mælt er fyrir í samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda verði haldnir fyrir utan sveitarfélagið.
2. Að nefndarmenn taki þátt í fundum sveitarfélagsins með rafrænum hætti þrátt fyrir að vera ekki staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að taka þessar ákvarðanir á fundi sem haldinn er utan sveitarfélagsins og á öðrum stað en mælt er fyrir um í 8. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Um er að ræða frávik frá skilyrðum 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimild þessi öðlast gildi 16. mars 2025 og gildir til 15. júlí 2025. Um er ræða framlengingu sambærilegrar heimildar sem sveitarfélaginu var veitt með ákvörðun ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 1278/2024.

Heimildin fellur þó úr gildi fyrir 15. júlí 2025 ef ríkislögreglustjóri aflýsir almannavarnastigi í sveitarfélaginu fyrir þann tíma, sbr. reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009 og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 34. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir.

Innviðaráðuneytinu, 14. mars 2025.

Eyjólfur Ármannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ingilín Kristmannsdóttir.